



ERINDISBRÉF

fyrir

SKIPULAGS-, BYGGINGAR- OG VEITUNEFND

BLÖNDUÓSSBÆJAR

Erindisbréfið skiptist í tvo kafla.

Fyrsti kafli er um almennar vinnureglur fyrir alla þá sem sæti eiga í nefndum á vegum bæjarstjórnar kjörtímabilið 2006-2010. Reglurnar eru grundvallaðar á sveitastjórnarlögum nr. 45/1998, með síðari breytingum, samþykktum um stjórn og fundarsköp Blönduóssbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn 11. júlí 2006 og af félagsmálaráðuneyti 10. ágúst 2006, sem og viðteknum venjum um nefndarstörf á vegum bæjarfélagsins.

Annar kafli fjallar um verksvið og markmið nefndarinnar. Verksvið nefnda er ýmist tilgreint í lögum, reglugerðum eða samþykkt um stjórnun Blönduóssbæjar. Allar ákvarðanir nefnda eru tillögur til bæjarstjórnar og þurfa þar formlega jákvæða afgreiðslu til að öðlast gildi. Formenn nefnda skulu fylgjast með afgreiðslu bæjarstjórnar og kynna meðnefndarmönnum niðurstöður.

Nefndir Blönduóssbæjar skulu leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir þeirra og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum.

I. Kafli

Umboð og hlutverk nefnda Blönduóssbæjar

1. gr.

Forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri í umboði hans boða til fyrsta fundar nefndar eftir að hún hefur verið skipuð.

2. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga. Á fyrsta fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndarinnar. Ritari heldur gjörðabók nefndar.

3. gr.

Gjörðabók skal ávallt skila strax eftir fund á bæjarskrifstofu og skal hún varðveitt þar milli funda. Í gjörðabók skal skrá eftirfarandi:

1. Hvar fundur er haldinn, hvaða dag, ár og hvenær fundur hefst.
2. Dagskrá fundar.
3. Allar afgreiðslur.

Heimilt er að skrá dagskrárlíð og afgreiðslu hans í trúnaðarbók. Ef mál er þess eðlis að það er trúnaðarmál skal skrá í gjörðabók að erindi sé bókað þar. Í trúnaðarbók skal aðeins skrá viðkvæm persónuleg málefni sem ekki skipta máli fyrir almennung eða málefni sem ekki er tímabært að gera opinber. Allir nefndarmenn skulu rita nöfn sín undir fundargjörð, enda hafi hún áður verið lesin upp og einstökum nefndarmönnum gefinn kostur á að gera athugasemdir, þær færðar til bókar, gera leiðréttingu þar sem rangt er skráð eða ónákvæmt.

Hafi nefnd kallað til fundar einhvern þann sem tengist afgreiðslu mála skal þess getið sérstaklega og þá einnig ef viðkomandi vikur af fundi áður en fundi lýkur. Hafi nefnd borist gögn sem hún hyggst kynna bæjarstjórn skal þess getið í fundargerðinni.

Sé dagskrárlíðurinn *önnur mál* í boðaðri dagskrá skal taka mál þar upp eftir því sem fundarmenn óska. Það skal þó aðeins gert eftir að formaður hefur kannað hvort 2/3 fundarmanna samþykki að taka upp tilgreint málefni, ef ekki skal málið vera sérstakur dagskrárlíður á næsta fundi nefndarinnar.

4. gr.

Nefndarfundir skulu boðaðir af formanni í samráði við umsjónarmann tæknideildar eða bæjarstjóra, skriflega með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Heimilt er að boða fundinn á rafrænan hátt samþykki nefndarmann slíkan máta á fundarboðun. Dagskrá fundar skal koma fram í fundarboði. Ef sérstaklega stendur á má boða fund simpleiðis. Það skal gert þegar brynt er að taka ákvörðun um tiltekið mál og tryggt er að meirihluti nefndarmanna sé því meðmæltur að mál beri að með þeim hætti.

Geti aðalmaður í nefnd ekki sótt boðaðan fund, skal hann gera formanni grein fyrir því og sjá um að varamaður mæti í sinn stað. Með sama hætti skal sá sem veit um fjarveru sína um skemmri eða lengri tíma, tilkynna formanni fjarveruna fyrirfram, þannig að formanni gefist tækifæri til að boða varamann á meðan fjarvera varir.

5. gr.

Laun fyrir nefndarstörf eru ákvörðuð af bæjarstjórn og greiddast á þriggja mánaða fresti á bæjarskrifstofu, skv. undirskriftum nefndarmanna í fundargerðarbók.

6. gr.

Ákvæði II. kafla (um fundarskóp bæjarstjórnar) og IV. kafla (nefndir, ráð og stjórnir) samþykktu Blönduóssbæjar gilda um meðferð mála í nefndum eftir því sem við á. Boða skal starfsmenn bæjarins til funda eftir því sem málefni gefa tilefni til. Ávallt skal boða bæjarstjóra á fundi og hefur hann málfrelsi og tillögurétt á fundum.

7. gr.

Nefndarmenn skulu almennt gæta trúnaðar þegar málefni einstaklinga eru til umfjöllunar svo og þegar það er sérstaklega fram tekið um önnur málefni. Það þýðir að málefnið skal eigi ræða utan nefndar. Brjóti nefndarmaður umbeðinn trúnað getur það orsakað fyrirvaralaus brottvikningu úr nefnd.

8. gr.

Nefndarmenn eru hvattir til að vera áhugasamir, samviskusamir og sýna frumkvæði í störfum sínum. Þeir eru hvattir til að kynna sér hvert mál af gaumgæfni og afla sér þeirra upplýsinga sem þeir telja þörf á hverju sinni. Starfsfólk bæjarins á að veita þær upplýsingar sem um er beðið vegna einstakra mála eða útvega þær, sé þess þörf frá aðilum utan bæjarins.

II. kafli

Stjórnskipuleg staða, verksvið og markmið Skipulags-, byggingar- og veitunefndar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd er skipuð af bæjarstjórn Blönduóssbæjar og fer hún í umboði bæjarstjórnar með þennan málaflokk sveitarfélagsins eins og nánar er kveðið á um í 1. kafla erindisbréfs þessa. Nefndin starfar á framkvæmda- og veitusviði og heyrir beint undir bæjarstjórn Blönduóssbæjar.

2. gr.

Í skipulags-, byggingar- og veitunefnd eiga sæti 3 aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og sbr. lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. rgl. nr. 421/1992 og orkulög nr. 58/1967, sbr. rgl. settar á grundvelli þeirra. Nefndin fer með málefni umferðarnefndar sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

3. gr.

Kjörtímabil skipulags-, byggingar- og veitunefndar er hið sama og bæjarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa situr byggingarfulltrúi fundi nefndarinnar og eiga bæjarstjóri og umsjónarmaður tæknideildar rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti.

Þá er heimilt að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum stofnana bæjarins er skylt að sitja fundi nefndarinnar sé þess óskað.

4. gr.

Umsjónarmaður tæknideildar er starfsmaður nefndarinnar og ber hann ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum nefndarinnar sé hrint í framkvæmd. Hann undirbýr fundi í samráði við formann nefndarinnar, situr fundi og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Umsjónarmaður sér um að taka á móti erindum og málum sem leggja á fyrir nefndina og útbýr í samráði við formann skriflegt fundarboð þar sem tilgreindur er fundarstaður og fundartími og dagskrá í tölusettum liðum.

5. gr.

Tíðni funda skipulags-, byggingar- og veitunefndar fer eftir erindum og málefnum hverju sinni. Nefndarformaður stýrir fundum. Boðað skal til aukafunda að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmanna óska þess. Heimilt er að fella niður fundi að sumarlagi og á öðrum tímum að mati formanns. Nefndin getur auglýst einstaka fundi sína opna en verður annars að samþykkja viðveru hvers þess sem ekki á seturétt á fundinum.

II. Verksvið

6. gr.

Skipulags-, byggingar- og veitunefnd, í umboði bæjarstjórnar, fer með stjórnun skipulags- og byggingar- og veitumála Blönduóssbæjar. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis varðandi þennan málaflokk.

III. Markmið og verkaskipting

7. gr.

Hlutverk skipulags- og byggingarnefndar er m.a.:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn í skipulags-, byggingar- og veitumálum í sveitarfélaginu
- að fara með byggingarmálefni og skipulagsmál eftir því sem lög og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma
- að sjá um rekstur og framkvæmdir, vatnsveitu og fráveitu Blönduóssbæjar skv. ákvæðum gildandi laga og reglugerða á hverjum tíma
- að fjalla um umsóknir um leyfi til bygginga og annarra verklegra framkvæmda
- að fara með gatnagerðar- og umferðarmál, gera tillögur í þeim efnum eftir því sem tilefni gefst til
- að fylgjast með og fjalla um landbrot og ástandi strandlengjunnar í sveitarfélaginu
- að hafa samvinnu við yfirvöld um tillögugerð í þessum málaflokkum
- að fylgjast með umgengi og hirðu lóða, lenda og fasteigna
- að gera tillögur um hirðingu bæjarlandsins
- að gera tillögur að fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar um útgjaldaliði byggingareftirlits, skipulagsgerðar og veitna.
- að fjalla um önnur þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni.

IV. Lög og reglugerðir

8. gr.

Í störfum sínum skal skipulags-, byggingar- og veitunefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið hennar, sérstaklega byggingar- og skipulagslögum nr. 73/1997 m.s.b., byggingarreglugerð nr. 400/1998, skipulagsreglugerð nr. 441/1998 og umferðarlögum nr. 50/1987, lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 81/1991, sbr. rgl. nr. 421/1992 og orkulög nr. 58/1967, sbr. rgl. settar á grundvelli þeirra. Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarskóp Blönduóssbæjar eins og hún er hverju sinni.